

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Arnardalsreitir.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 24. júní 2021 breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits vegna Skagabrautar 26. Breytingin felst í að skilgreina nýjan byggingarreit fyrir bílskúr. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Dalbraut – Þjóðbraut.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 13. apríl 2021 breytingu á deiliskipulaginu Dalbraut – Þjóðbraut, er varðar Dalbraut 10. Breytingin felst m.a. í að lóðin er stækkuð um 1.080,4 m². Afmarkaður er byggingarreitur fyrir einnar hæðar viðbyggingu, ásamt nýjum byggingarreit fyrir gróðurhús. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0,35. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 2. júlí 2021.

Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 16. júlí 2021